

Auglýsing

um póstmál.

68
14. júní.

Samkvæmt auglýsingu innanríkisstjórnarinnar frá 24. f. m. hefir ákvörðun þeirri, er 5. gr. augl. 26. septbr. 1872 um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sjer staklegu íslenzku póstmála hefir inni að halda, um að böggulsendingar milli Danmerkur og hafna þeirra á Íslandi, er hið konunglega póstgufuskip kemur á, megi ekki vega meir en 5 pund, verið breytt þannig, að þyngd sendinga þessara má nema allt að 10 pundum.

Þetta er hjer með birt almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. júní 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef landshöfðingja til Egils borgara Egilssonar í Reykjavík um styrk til að* **69**
koma á fót kalkbrennslu. — Eptir að jeg út af hingað sendri beiðni yðar, dags. 21. 19. júní.
marz þ. á., um að yður yrði veittur styrkur úr landssjóði til að koma upp kalkbrennslu hjer við bæinn til þess að vinna kalkgrjót úr Esjunní, hafði veitt yður 400 kr. styrk af þeim hluta fjár þess, er til er tekið í 15. gr. fjárlaganna fyrir 1876—77, sem jeg hefi umráð yfir, lagði jeg það til við ráðgjafann fyrir Ísland, að þjer yrðuð látinn fá í þessu skyni viðlíka styrk af hans hluta af fje því, er veitt er í nefndri grein.

Út af þessu hefir ráðgjafinn í brjefi dags. 23. f. m. tjáð mjer, að hann verði að vera þeirrar skoðunar, að ef yfir höfuð ástæða skyldi vera til fyrir stjórnina að styðja fyrirtæki einstakra manna, önnur eins og þetta, eigi þó að minnsta kosti ekki að veita styrkinn að gjöf handa hlutadeiganda, sem ræðst í fyrirtækið, með því að engin trygging er fyrir því, að eigi fari svo, að allt fyrirtækið, sem styrkurinn á að efla, hætti innan skamms. Ráðgjafinn hefir því eigi þótzt geta veitt neinn styrk í þessu skyni af sínum hluta í 15. gr. fjárlaganna, en af því að það að minni hyggju sje mjög æskilegt, að farið yrði að vinna áminnsta kalksteinsnámu, segist ráðherrann aptur á móti ekki vera mótfallinn því, að jeg láti yður fá 400 kr. lán úr viðlagasjóði, gegn tryggilegu veði, annaðhvort í fyrirtækinu, ef það getur talizt hafa í sjer fóligna nægilega tryggingu, eða, ef það er ekki, á einhvern annan hátt, og skal greiða í vöxtu 4 af hundradi um árið, og að 5 árum liðnum fara að borga upp í höfuðstólinn 100 kr. á ári, og er lánið, eða það, sem eptir er af því, fallið í gjalddaga, jafnskjótt sem fyrirtækið hættir, eða vextir eða borgun upp í það er látin ógreidd á hinum tilteknu tímum.

Þetta er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar.

— *Brjef biskups til landshöfðingja um kirkjurækni.* — Hjer með leyfi jeg mjer **70**
virðingarfullst að senda yður, hávelborni herra, hjálagt eptirrit eptir umburðarbrjefi, er jeg 23. júní.
6. júlí 1867 sendi öllum hjeradsprófstum landsins, um kirkjurækni, með þeirri jafnvirðingarfyllu ósk, að það mætti verða prentað í stjórntíðindunum, svo framarlega sem það ekki riður í bága við þær reglur, sem inntak þeirra er bundið við, og skal jeg í þessu skyni leyfa mjer að geta þess, hvað mjer gengur helst til að fara þessu á flot.

Þótt slík áminningar- og uppörfunarbrief, eins og það, sem hjer ræðir um, kunni með Guðs hjálp að hafa nokkurn árangur fyrst í stað, eru þau þó þess eðlis, að það

Hinn 20. júlí 1876.